

D. Almenn ákvæði.

23. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 50 000.00 krónum — fimmtíu þúsund krónum —, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafmagnsveitnanna, skal hinn brotlegi auk þess bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

24. gr.

Málssókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 6. apríl 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

8. apríl 1968.

Nr. 113.

REGLUGERÐ**um litarmerkingu búfjár.**

Samkvæmt lögum nr. 23 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, og lögum nr. 12 1967, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Litarmerkja skal sauðfé og önnur húsdýr eftir sauðfjársvæðum, og skal um litarmerkinguna fylgt þeim reglum, sem fyrir er mælt um í 2. og 3. gr.

2. gr.

Óheimilt er að litarmerkja búfé, svo varanlegt sé, nema með þeim sveitar- eða héraðs-lit, sem ákveðinn er í þessum reglum. Búfé á Tilraunastöðinni á Keldum og fé, sem tekið er frá vegna rannsókna eða vegna gruns um sjúkdóma, má þó merkja með rauðum lit, hvar sem er á landinu. Þann sama rauða lit má annars hvergi nota til að auðkenna búfé.

Sauðfjársjúkdómanefnd getur fyrirskipað merkingu með lituðum, tölusettum eyrnamerkjum á öllu sauðfé á ákveðnum svæðum, ef nauðsyn krefur og líkur eru til, að það geti dregið úr hættu á útbreiðslu sjúkdóma. Nota ber gerð merkja, sem sauðfjársjúkdómanefnd viðurkennir (t. d. úr harðplasti).

Á eyrnamerkjum sauðfjár og hrossa ber, auk númerstölu skepnunnar, að skrá tölunúmer á bæ og hreppi auk sýslubókstafs. Lista yfir númeratölu bæja í hverjum hreppi ber að prenta í markabækur jafn skjótt og því verður við komið. Sama gildir um litakort, sem sýni löggilta merkilíti um allt land.

3. gr.

Litavali við merkingu búfjár með varanlegum litum ber að haga eftir búsetu sem hér segir:

Varnarsvæði:	Takmörk svæðanna (varnarlinur):	Litur:
1. Landnámshólf	Ölfusár- Sogslína og Hvalfjarðarlína	svartur
2. Borgarfjarðarhólf syðra	Hvalfjarðarlína og Skorradalslína	gulur
3. Borgarfjarðarhólf nyrðra	Skorradalslína og Hvitárlína	hvítur
4. Mýrahólf (a. Hítarár)	Hvitárlína, Miðfjarðar- og Dala-girðingar og Hítará	rauðbrúnn
5. Hnappad.hólf (v. Hítarár)	Hítará, Dala-girðingar og Snæfellsneslína	bleikur
6. Snæfellsneshólf	Snæfellsnes utan Snæfellsneslínu	ljósblár
7. Dalahólf syðra	Dala-girðingar og Hvammsfj.lína	sítrónugulur
8. Dalahólf nyrðra	Hvammsfjarðarlína og Bitru-Gilsfjarðarlína	svartur
9. Steingrímsfjarðarhólf	Bitru-Gilsfjarðar og Steingrímsfj.- og Berufj.línur	ljósblár
10. Reykjaneshólf	Berufjarðar og Þorskafjarðarlínur	hvítur
11. Mið-Vestfjarðahólf	Steingrímsfj., Þorskafj., og Ísafj.- Kollafj.línur	gulur
12. Vestfjarðahólf	Vestfirðir vestan Ísafj.- Kollafj.línu	grænn
13. Miðfjarðarhólf	Hrútafj., Dala- og Mið.fj.-girðingar	grænn
14. Húnaflóahólf	Miðfjarðar-girðingar og Blanda	brúnn
15. Skagahólf	Blanda og Héraðsvötn	bleikur
16. Skagafjarðarhólf	Héraðsv. að sýslumörkum og Siglufj.	gulur
17. Eyjafjarðarhólf vestra	Sýslumörk og Eyjafjarðar-girðingar	dökkblár
18. Eyjafjarðarhólf eystra	Eyjafj.girðingar og Skjálfafljót	rauðbrúnn
19. Skjálfafljóthólf	Skjálfafljót og Jökulsá í Axarfirði	hvítur
20. Axarfjarðarhólf	Jökulsá í Axarfirði, Sléttu-girðing, Ormarsá og Hólsfjöll	grænn
21. Sléttuhólf	Melrakkaslétta norðan Sléttu-girð.	gulur
22. Austurlandshólf	Sléttu-girðing austan Ormarsár að Hornafjarðarfljótum	ljósblár
23. Suðursveitarhólf	Hornafjarðarfljót og Jökulsá á Breiðamerkursandi	svartur
24. Örafahólf	Jökulsá á Breiðam.sandi og Skeiðará	hvítur
25. Síðuhólf	Skeiðará og Mýrdalssandslína	bleikur
26. Mýrdalshólf	Mýrdalssandslína og Sólheimas.lína	gulur
27. Rangárvallahólf	Rangárvallasýsla	grænn
28. Árneshólf	Þjórsár-, Ölfusar- og Sogslína	ljósblár

Grein er gerð fyrir mörkum varnarsvæða á sérstöku korti, þar sem einnig sést merkilitur hvers svæðis.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. apríl 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.